

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 19. október 2017, kl 16.00. Fundur í fjarfundi.

Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Ingibjörg Emilsdóttir, Margrét Jómundsdóttir, Jón Örn Pálsson og Sigurður Hreinsson. Auk þeirra sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins var sem hér segir.

1. Fundargerð stjórnarfundar 28. september 2017
2. Sóknaráætlun Vestfjarða
 - a. Fjárhagsrammi og auglýsing á styrkjum Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða
 - b. Greinargerð Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál um framkvæmd Sóknaráætlunar landshluta fyrir árið 2016
 - c. Fundargerð 39. fundar Stýrihóps.
 - d. Fundur FV og fulltrúum Stýrihóps
 - e. Boðun fundar samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða
3. Brothættar byggðir
4. Vestfjarðastofa
5. Umhverfissvottun
6. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og gengið til boðaðar dagskrár sem hér segir.

1. Fundargerð stjórnarfundar 28. september 2017

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar sem haldinn var á Hótel Reykjanesi, við Djúp 28. september 2017. í aðdraganda 2. haustþings. Fundargerð borinn upp og staðfest.

2. Sóknaráætlun Vestfjarða

- a. Fjárhagsrammi og auglýsing á styrkjum Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu til stjórnar um fjárhagsramma sóknaráætlunar fyrir árið 2018, sem hér segir.

A. Grunnframlög til sóknaráætlunar árið 2018	Upphæð	
Framlag ráðuneyta	107.666.571	
Framlag sveitarfélaga	7.910.000	
Samtals	115.576.571	
B. Ráðstöfun grunnframlags árið 2018	Upphæð	Hlutfall
uppbyggingarsjóður	64.500.000	56%
áhersluverkefni	42.910.000	37%
umsýsla samnings	8.166.571	7%
Samtals	115.576.571	100%

Tillagan gerir ráð fyrir sömu úthlutunarreglum og stjórn samþykkti fyrir árið 2017, auglýsing verði birt eigi síðar en 31. okt og skil 21. nóvember n.k.. Miðað yrði við úthlutun í byrjun desember n.k. Fjárhagsrammi Uppbyggingarsjóðs því verði kr 64.500.000,-, en þar af hefur

áður verið úthlutað til verkefna til meira en eins í senn þ.e. á árunum 2016 og 2017, alls kr 15.100.000,-. Til úthlutunar á árinu 2018 verði því um kr 49.400.000,-.

Formaður gerði tillögu um að fjárhagsrammi Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2018, úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2018 og fjárhagsrammi úthlutunar verði samþykkt.

Tillagan samþykkt.

b. Tillaga að áhersluverkefnum fyrir árið 2017.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um fimm áhersluverkefni fyrir árið 2017 alls 11 mkr, ásamt yfirliti um stöðu áhersluverkefna frá árinu 2016. Tillögurnar eru sem hér segir;

Verkefni I - 2017

Markmið

Tímarammi

Heildarkostnaður

Framlag úr sóknaráætlun 2017

Efling háskólastarfs og fjölgun íbúa með framhaldsmenntun.

Stuðla að fjölgun fólks með háskólamenntun á Vestfjörðum og mæta þannig lægra hlutfalli menntaðs fólks í landshlutanum. Efla rannsóknir fyrir fyrirtæki á Vestfjörðum og auka þar með samkeppnishæfni þeirra.

Nóvember 2017 – janúar 2018

4.000.000,-

2.500.000,-

Verkefni II - 2017 Valdefling ungs fólks á Vestfjörðum

Markmið

Tímarammi

Heildarkostnaður

Framlag úr sóknaráætlun 2017

Efla þátttöku ungs fólks í umræðu og vinnu að verkefnum í samfélögunum

Nóv 2017 – maí 2018

2.000.000

1.000.000,-

Verkefni III - 2017

Markmið

Tímarammi

Heildarkostnaður

Framlag úr sóknaráætlun 2017

Kynning búsetukosta og atvinnulífs á Vestfjörðum

Vekja athygli á málefnum Vestfjarða, innviðum og atvinnutækifærum til að efla svæðið sem búsetukost. Þrýsta á aukinn stuðning ríkisvaldsins við innviði Vestfirðinga.

September – desember 2017

Kr 2.500.000,-

Kr 2.500.000

Verkefni IV - 2017

Markmið

Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafraeðum

Efling framhaldsnáms á háskólastigi á Vestfjörðum. Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafraeðum.

Tímarammi

(01/17: Fullgildingarferli hjá HA lokið)
12/17: Auglýsing náms hefst.
01/18: Auglýsing eftir fagstjóra.
Vorið 2018: skipun meistaranámsnefndar,
lokafrágangur kennsluáætlunar, vor/sumar 2018:
ráðning stundakennara.
08/18: Kennslubyrjun.
06/20: Útskrift fyrsta árgangs.

Heildarkostnaður

Tekið mið af námsleiðinni strandsvæðastjórnun þá er rekstur nýrrar námsleiðar áætlaður rúmlega 34 m.kr á ári. Þá er tekið tillit til kostnaðarliða sem tilheyra námsleiðinni beint sem og laun fagstjóra. Ekki er tekið tillit til launa annarra starfsmanna hlutfallslega né til húsnæðis o.fl. Framlag Háskólaseturs 14 mkr, önnur bein framlög 20 mkr

Framlag úr sóknaráætlun 2017

Kr 4.000.000 en 5.500.000,- næstu tvö ár.
Samanlagt kr 15.000.000 til þriggja ára.

Verkefni V -2017

Gegnumsláttur (undirbúningur svæðisskipulags Vestfjarða)

Markmið

Lok og skipulag á framhald verkefnis Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum.
„Gegnumsláttur 2019“

Lokafurð

Svæðisskipulagsvinna verði hafin.

Tímarammi

2017

Heildarkostnaður

2.000.000,-

Framlag úr sóknaráætlun 2017

1.000.000,-

Í yfirliti fyrir verkefni ársins 2016 er gerð tillaga um að 2 mkr verði lagðar til viðbótar til jarðvarmaverkefnis vegna ársins 2017 sem koma til viðbótar 11 mkr, samtals verði því **úthlutað 13 mkr til áhersluverkefna**. Tillögurnar byggja á tillögum sem framkvæmdar áð Sóknaráætlunar hafði samþykkt í lok ágúst s.l.. Endanleg útfærsla tillaganna hefur verið kynnt framkvæmdaráði Sóknaráætlunar með tölvupósti og hefur formaður gefið samþykki sitt fyrir þeim.

Framkvæmdastjóri gerði síðan grein fyrir sjötta áhersluverkefninu sem fjármagnað yrði af vaxtatekjum Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2015 og 2016.

Verkefni VI - 2017

Íbúakönnun á Vestfjörðum

Markmið

Byggja upp þekkingu á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum til samfélags og atvinnulífs og þróun þess.

Tímarammi

Árið 2017-2019

Heildarkostnaður

Heildarkostnaður er metin 1,6 milljónir fyrir árin 2017 en 300 þkr árið 2019.

Tillaga 2017

Fjármagn er nemi vaxtatekjum af
Sóknaráætlun 2015 kr 999.792 og ársins 2016
kr 750.000 alls kr 1.749.792,-

Formaður gerði tillögu um samþykkt tillögu að árhersluverkefnum fyrir árið 2017, samtals 11 mkr, viðbótarframlag vegna jarðvarmaverkefnis 2 mkr og árhersluverkefni fjármagnað af vaxtatekjum 1,7 mkr. Samtals 14,7 mkr.

Tillagan samþykkt.

- c. Greinargerð Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál um framkvæmd Sóknaráætlunar landshluta fyrir árið 2016.
Lögð fram til kynningar.
- d. Fundargerð 39. fundar Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál
Lögð fram til kynningar.
- e. Fundur FV og fulltrúum Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál Stýrihópurinn fundar árlega með landshlutasamtökum sveitarfélaga um framkvæmd sóknaráætlana. Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að fundardegi á Ísafirði, þ.e. þann 7. nóvember n.k.. Fundinn sækir stjórn FV og starfsmenn sem fjalla um verkefni áætlunarinnar.
Tillagan samþykkt.
- f. Boðun fundar samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða
Framkvæmdastjóri kynnti að tillögu að boðun fundar samráðsvettvangs sóknaráætlunar Vestfjarða þ.e. þann 6. nóvember n.k. fundarstaður Ísafirði.
Tillagan samþykkt.

3. Brothættar byggðir

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að samningi við Byggðastofnun um verkefnastjórn í verkefnum á Vestfjörðum innan verkefnis stofnunarinnar Brothættar byggðir. Um er að ræða verkefni í Árneshreppi og á Þingeyri í Ísafjarðarbæ.

Formaður gerði tillögu um að gengið verði til samninga um verkefnið í Árneshreppi og að staðfest verði með Skúla Gautason, menningarfulltrúa sem verkefnastjóra í því verkefni. Beðið er með ákvörðun um verkefnastjóra í verkefninu á Þingeyri.

Tillagan samþykkt.

4. Vestfjarðastofa

Lögð fram greinargerð um samrunaáætlun Vestfjarðastofu og drög að stefnumörkun til ársins 2027. Formaður kynnti að undirbúningsstjórn Vestfjarðastofu hefði átt fjóra fundi þar sem unnið hefðu verið gögn varðandi samþykktir, starfslýsingar, stefnumótun til ársins 2027 og greinargerð um samruna FV og Atvest undir Vestfjarðastofu.

5. Umhverfissvottun

Lögð fram fundargerð 6. fundar Græna teymisins frá 13. október 2017. Í fundargerðinni er tillaga að bókun sem send verður sveitarfélögum.

6. Önnur mál.

- a. Formaður kynnti bréf Velferðarráðuneytis sem barst FV nú í dag og varðar móttöku kvótaflóttafólks. Óskað er eftir að FV kanni áhuga sveitarfélaga innan FV um að taka á móti hópi flóttafólks. Formaður gerði að tillögu að boðað verði til fundar með sveitarfélögum og lögð áhersla á þau sveitarfélög sem lýstu áhuga á móttöku flóttamanna á árinu 2015.

Tillagan samþykkt.

- b. Framkvæmdastjóri kynnti beiðni frá því dag frá starfshópi SNR um endurskoðun á rekstri innanlandsflugvalla á Íslandi. Formaður gerði að tillögu að beiðninni verði tekin til umfjöllunar í samgöngu og fjarskiptanefnd FV og óskað verði eftir afstöðu sveitarfélaganna til erindis starfshópsins.

- c. Sigurður Hreinsson óskaði eftir að ræða flutningsmál raforku á Vestfjörðum. Hann gerði að tillögu að FV hefði frumkvæði að kalla saman fund sveitarfélaga á Vestfjörðum, til að ræða tillögu að flutningskerfi raforku á Vestfjörðum í tengslum við uppbyggingu nýrra vatnsaflsorkuvera. Framkvæmdastjóri upplýsti að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefði fyrr í vikunni átt fund með orkufyrirtækjum um orkumál á Vestfjörðum. Þar hefði sambærileg tillaga um flutningskerfi raforku á Vestfjörðum verði sett fram. Formaður lagði til að tillaga Sigurðar verði samþykkt og samgöngu og fjarskiptanefnd taki málið til umfjöllunar.

Tillagan samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.30.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.